

Fundargerð 460

Miðvikudaginn 25. apríl kl. 8:30 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í ráðhúsi Húnaþings vestra að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson formaður, Einar E. Einarsson, Eiríkur Blöndal (varamaður), Gunnar Þorgeirsson, Ingunn Guðmundsdóttir, Karl Björnsson og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Einar Örn Hreinsson sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri Húnaþings vestra (við dagskrárlið 1), Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir umsjónarmaður áhættustýringar, Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Rakel Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 8:30 og bauð fundarmenn velkomna. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum.

1. Kynning á starfsemi sveitarfélagsins Húnaþings vestra
2. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu
3. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 – til kynningar.
4. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2018 – til kynningar
5. Fundargerðir lánanefndar – til afgreiðslu
6. Tillögur um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar – til afgreiðslu
 - a. Drangsnes
 - b. Hrísey
 - c. Bakkafjörður
7. Staðsetning ríkistarfa – til kynningar
8. Spá um þróun mannfjölda eftir sveitarfélögum – til kynningar
9. Endurskoðun jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar – til afgreiðslu
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

1. Kynning á starfsemi sveitarfélagsins Húnaþings vestra

Formaður bauð Guðnýju Hrund Karlsdóttir sveitarstjóra Húnaþings vestra velkomna á fundinn. Guðný fór yfir helstu verkefni sveitarfélagsins og það sem framundan væri.

GHK vék af fundi.

2. Fundargerð síðasta fundar til afgreiðslu

Formaður bar upp fundargerð síðasta stjórnarfundar nr. 459 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

3. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun til kynningar

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og stöðu rekstrar 31. mars 2018.

AÐ fór yfir stöðu verkefna á starfsáætlun. HÁ fór yfir stöðuna á vinnu við innleiðingu á nýrri persónuverndarlöggjöf. GÞ spurði um endurskoðun á lögum um flutningsjöfnun og

hvort garðyrkjubændur kæmu þar inn. AÐ upplýsti að vinna er í gangi við að endurskoða lögin og er m.a. horft til þessa atriðis.

AÐ og MH fóru yfir rekstur og stöðu stofnunarinnar 31. mars 2018.

4. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2018 til kynningar

HP fór yfir áhættuskýrslu 1. ársfjórðungs 2018 sem lá fyrir fundinum.

Við yfirferð kom í ljós að allar áhættur, sem skoðaðar voru, eru innan þeirra marka sem sett eru í Áhættustefnu nema ein.

Vakin var athygli á því að útlán í landbúnaði og ógreidd lánsloforð til landbúnaðar myndu fara yfir áhættuviðmið sem stjórn hefur sett sér, en óvenju mikil eftirspurn hefur verið undanfarið eftir nýjum lánnum í greininni, einkum frá kúabændum vegna byggingar nýrra fjósa.

Formaður bar upp þá tillögu að lánanefnd myndi beina öllum lánsbeiðnum í landbúnaði til stjórnar þar til stjórn hefur fjallað um og ákveðið hvort áhættuviðmiðum í einstökum atvinnugreinum verði breytt. Forstjóra og starfsmönnum var falið að leggja tillögur um viðbrögð fyrir næsta stjórnarfund. Tillagan samþykkt samhljóða.

MH vakti athygli stjórnar á bréfi Fjármálaeftirlitsins (FME) um fyrirhugaða hækkun á sveiflujöfnunarauka sem taka ætti gildi 1. maí 2019. Óskað hefur verið eftir nánari rökstuðningi frá FME um fyrirhugaða hækkun.

5. Fundargerðir lánanefndar til afgreiðslu

AME fór yfir fundargerðir lánanefndar nr. 13/18, 14/18, 15/18, 16/18 og 17/18 sem lágu fyrir fundinum.

...

...

6. Tillögur um úthlutun aflamarks Byggðastofnunar til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá umsókn um aflamark Byggðastofnunar í Hrísey, auk matsblaðs, samskipta við Akureyrarbæ og minnisblaðs með tillögu að úthlutun sem SÁ fór yfir.

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 16. mars síðastliðinn voru kynntar umsóknir um aflamark Byggðastofnunar, þ.á.m. umsókn vegna Hríseyjar frá K&G ehf. dagsett 5. mars 2018.

Á fundi aflmarksnefndar Byggðastofnunar þann 27. mars var lagt fram matsblað vegna umsóknarinnar og eftirfarandi bókað: „*Ein umsókn barst vegna Aflamarks Byggðastofnunar í Hrísey frá K&G ehf. Umsækjandi sækir um 350 þorskígildistonn en móttframlagið mun nema 850 þorskígildistönnum. Aflamarksnefnd leggur til að gengið verði til samninga við umsækjanda. Samþykkt að senda umsóknina til umsagnar sveitarfélagsins Akureyrarbæjar.*“

Þann 5. apríl var óskað eftir umsögn Akureyrarbæjar. Akureyrarbær svaraði erindinu þann 18. apríl þar sem fram kemur að „*Bæjarráð gerir ekki athugasemd við tillögu Byggðastofnunar*“.

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við K&G ehf. vegna 350 þorskígildistonna til næstu sex fiskveiðiára á grundvelli umsóknar félagsins.

Samþykkt samhljóða og forstjóra falið að ganga frá samningum.

Ákvörðun um úthlutun á aflamarki vegna Drangsnes og Bakkafjarðar var frestað þar sem sveitarstjórnir höfðu ekki náð að fjalla um tillögu Byggðastofnunar.

7. Staðsetning ríkisstarfa til kynningar

Frestað til næsta fundar.

8. Spá um þróun mannfjölda eftir sveitarfélögum til kynningar

EÖH kom inn á fundinn og kynnti mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2018-2066 og má nálgast hana á http://byggdabrunnur.is/mannfj_kynning/

EÖH vék af fundi.

9. Endurskoðun jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar til afgreiðslu

AÐ fór yfir minnisblað sem lá fyrir fundinum um tillögu að breytingu á jafnréttisáætlun Byggðastofnunar. Lagt var til að eftirfarandi breytingar yrðu gerðar á jafnréttisáætlun Byggðastofnunar:

6. tl. (breyting feitletruð): „Byggðastofnun er vinnustaður þar sem allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og réttssýni, óháð kynferði, kynþætti, kynhneigð, aldri, þjóðerni og trú. Hvers konar **kynbundið ofbeldi**, kynbundin og kynferðisleg áreitni og einelti er litin mjög alvarlegum augum innan Byggðastofnunar. Mismunur er óheimil í hvaða formi sem hún birtist.“

8. tl. (breyting feitletruð): „Jafnréttisáætlun þessa ber að endurskoða á **þriggja** ára fresti. Árlega skal fara yfir markmið, aðgerðir og niðurstöður verkefna með forstjóra og helstu stjórnendum. Byggðastofnun skuldbindur sig til að hafa virkt eftirlit með að jafnréttisáætlun þessari sé fylgt eftir, bregðast strax við komi upp frávik og viðhalda stöðugum umbótum í jafnréttismálum innan stofnunarinnar.“

Lagt er til að jafnréttisáætlun Byggðastofnunar haldist óbreytt að öðru leyti.

Formaður bar upp tillögur forstjóra og voru þær samþykktar samhljóða.

10. Önnur mál

Áhættumat

EB spurði hvort Byggðastofnun gæti gert tillögu um aðgerðir vegna erfiðrar stöðu afurðastöðva og vanda sauðfjárbænda vegna lækkunar afurðaverðs og hvort farið hefði fram greiningarvinna.

AÐ fór yfir vinnu stofnunarinnar í þessum málum, þ.á.m. greiningu sem unnin var s.l. haust á stöðu sauðfjárræktar ásamt tillögum sem samþykktar voru í stjórn Byggðastofnunar þann 5. september s.l. til ráðherra byggðamála um aðgerðir til skemmri tíma vegna birgðavanda og lengri tíma til að ná jafnvægi á markaði, m.a. með fækkun sauðfjár. AÐ lýsti því að lítið virðist hafa áunnist síðan í þessum málaflokki og ekki verði annað séð en að bændur standi frammi fyrir enn meiri lækkun afurðaverðs í haust.

Kolefnisgjald

GP fjallaði um kolefnisgjald og telur það vera landsbyggðaskatt þar sem þjónusta sé öll flutt á höfuðborgarsvæðið þangað sem fólk á landsbyggðinni þurfi að sækja sér hana.

IG taldi rétt að stofnunin flaggaði þessu næst þegar umsögn um fjárlagafrumvarp yrði send.

Þakkir

IGu þakkaði fyrir samstarfið á starfsárinu og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég vil bera fram þakkir til stjórnar og starfsmanna Byggðastofnunar fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf á árinu. Ég vil rifja upp og fá færða til bókar, mína sýn á verkefni stjórnar hvernig þau skiptast í meginatriðum í tvo flokka. Þ.e. lánastarfsemin sem fellur undir lög um fjármálafyrirtæki og hinsvegar pólitísk umræða um byggðamál almennt.

Þessi ólíku verkefni tel ég að kalli á ólíka umgjörð í starfsreglum stjórnar. Annarsvegar þær ströngu reglur sem gilda um fjármálastofnanir og hinsvegar starfsreglur sem eðlilegar geta talist um hugmyndavinnu og pólitíska stefnumótun sem þarf að fara fram á opnum og frjálsum vettvangi.“

Húsnæðismál

SJ spurði um stöðu á nýju skrifstofuhúsnæði Byggðastofnunar.

AÐ upplýsti að vonandi yrði útboð auglýst um næstu helgi, eða helgina þar á eftir.

Formaður þakkaði samstarf í stjórn og við starfsmenn. Starfið væri bæði gott og faglegt.

11. Næsti fundur

Dagsetning næsta fundur verður ákveðin af næstu stjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:39

Magnús Helgason fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____